



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 26/2012

## Notkun og skráning á lénunum **ibill.is** og **ibíll.is**

### I.

#### Erindið

Með bréfi GBÁ ehf., dags. 12. júlí 2011, barst Neytendastofu kvörtun vegna skráningar og notkunar Atla Más Agnarssonar á lénunum **ibill.is** og **ibíll.is**. Í erindinu er þess krafist, með vísan til 13. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að Atla og/eða öðrum aðilum verði alfarið bönnuð notkun á lénunum **ibill.is** og **ibíll.is** og Atla verði gert að afskrá lénin hjá ISNIC, Internet á Íslandi. Til vara sé þess krafist að Atla Má og/eða öðrum þeim er noti tilgreind lén verði bannað að nota lénin ein og sér sem vörumerki eða auðkenni fyrir starfsemi sína.

Í erindinu kemur fram að bílasalan **bíll.is** hafi verið stofnuð árið 1998 og hafi verið fyrsta bílasalan til að notfæra sér netið til að selja bíla. Bílasalan hafi ávallt starfað undir nafninu **bíll.is** hvort sem það hafi verið á internetinu, við merkingu atvinnuhúsnæðis, í símaskrá, í blaðaauglýsingum eða annari kynningarstarfsemi. Rekstraraðili **bíll.is** sé GBÁ ehf. og ábyrgðarmaður sé Guðlaugur Birnir Ásgeirsson löggiltur bílasali. Lénið **bill.is** hafi verið skráð hjá INTÍS, nú ISNIC Internet á Íslandi, þann 12. mars 1998, og sé rétt hafi þess Guðlaugur Birnir Ásgeirsson.

Notkun á léninu **bill.is** og nafninu **Bíll.is** hafi verið órjúfanlegur hluti rekstursins frá upphafi, hvort sem litið sé til ímyndar fyrirtækisins eða markaðssetningar. Mikil vinna og fjármunir hafi farið í að byggja upp auðkennið og ímynd rekstrarins. Markaðssetning bílasölnunnar snúist því að verulegu leyti um að skapa lénnafninu **bill.is** veglegan sess. Um sé ræða óslitna notkun umrædds nafns og léns frá 1998 þó svo að annar rekstraraðili hafi staðið á bakvið bílasölnuna framan af. Guðlaugur Birnir hafi ávallt borið ábyrgð á rekstrinum sem löggiltur bifreiðasali. Með hliðsjón af óslitinni notkun í meira en 13 ár megi staðhæfa að vörumerkið **Bíll.is** og **bill.is** njóti vörumerkjaréttar skv. 2. mgr. 2. gr., sbr. 2. mgr. 13. gr., laga um vörumerki nr. 45/1997.



Þann 6. apríl 2011 hafi Atli Már skráð lénin *ibill.is* og *ibíll.is* hjá ISNIC. Viðkomandi aðili reki bílasölu undir nafninu *iBíll.is*.

Fyrir liggi að lénnöfnin *ibill.is* og *ibíll.is* eru keimlík lénnafninu *bill.is*. Ruglingshættan sé því veruleg. Verið sé að nýta markaðssetningu og markaðsfestu bílasölnunnar *bill.is*. Fjárhagslegir ímyndalegir hagsmunir GBÁ muni skerðast og fyrirtækið líða tjón fái lénin og vörumerkið *iBíll.is* að standa óáreitt.

Skráning lénanna og markaðssetning á bílasölu undir þessum nöfnum megi því ætla að hafi einvörðungu tilvísun til orðsins „bíll“. Slík skráning á léni og auðkenni á bílasölu sé hins vegar líklegt til þess að valda ruglingi við rekstur bílasölnunnar *bill.is*. GBÁ vísar í þessu sambandi til útprentunar af heimasíðu *iBíll.is* þar sem sjá megi að um sé að ræða lítið „i“ fyrir framan stórt „B“ í samsetningunni „*iBíll.is*“. Áherslan sé þannig á orðinu *bill* og tilvísun til lénsins *bill.is*.

Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2003 þann 19. september 2003 bannaði samkeppnisráð Bílasölu Íslands frekari notkun lénnafnsins *billinn.is* og nafnsins *billinn.is* í kjölfar kvörtunar Bílasölnunnar *Bíll.is*, sem var fyrri rekstraraðili bílasölnunnar *Bíll.is*. Í niðurstöðu samkeppnisráð segir m.a. á bls. 10;

*„...má telja að hættu sé á því að viðskiptavinir bílasölnunnar Bíll.is geti ruglast á því hvort lénnafnið sé skráð með eða án greinis. Í þessu sambandi má geta þess að greinir nafnorða er einungis til áherslu til að tákna að átt sé við einhvern eða eitthvað sem nefnt hafi verið áður. Að mati samkeppnisráðs er það að bæta greini við lénnafn keppinautar ekki nægjanlegt til aðgreiningar milli þeirra tveggja. Í raun sé um að ræða sama orðið. Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að notkun Bílasölu Íslands á lénnafninu *billinn.is* geti leitt til þess að villst verði á því og lénnafni bílasölnunnar *Bíll.is.*, *bill.is*, og brjóti í bága við ákvæði 2. ml. 25. gr. samkeppnislaga.“*

Með vísan til framangreindra sjónarmiða Samkeppnisráðs bendi GBÁ á að bókstafurinn „i“ á undan *bill.is* og *Bíll.is* séu merkingarleysa. Orðin „*ibill*“ og „*ibíll*“ séu ekki til í íslensku máli og hafi því enga merkingu. Verið sé í raun að nota orðið *bill* í markaðssetningu á nýju fyrirtæki sem sé í nákvæmlega sölu starfsemi og GBÁ. Megi því ætli að villst verði á lénnöfnunum *ibill.is* og *ibíll.is* og lénnafni GBÁ, *bill.is* og þannig brotið gegn 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sem sé sama efnis og þáverandi 2. málsl. 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

GBÁ vísar einnig málinu til stuðnings til forsendna ákvörðunar Neytendastofu nr. 6/2006 vegna kvörtunar Opinna Kerfa ehf. yfir skráningu Nýherja hf. á léninu *fartolva.is*. Í þeirri ákvörðun segir m.a. orðrétt:



„Að mati Neytendastofu skapar tilkoma og notkun lénnafnsins fartolva.is hættu á ruglingi og getur haft óhagræði í för með sér. Þá fær stofnunin ekki betur séð en í raun sé um eitt og sama lénnafnið að ræða hjá báðum málsaðilum, í eintölu og fleirtölu. Að mati Neytendastofu er það að nota fleirtölumynd léns keppinautarins ekki nægilegt til að aðgreina fyrirtækin. Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að skráning og notkun Nýherja á lénnafninu fartolva.is geti leitt til þess að villst verði á því og lénnafni Opinna kerfa sem notað hefur verið lengur og brjóti slíkt gegn 2. málslíð 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti nr. 57/2005.“

Tilvitnaðar ákvarðanir lúti að notkun ákveðins greinis og fleirtölu í nýjum lénnöfnum. Í báðum tilfellum hafi athæfið verið talið brjóta gegn lögum nr. 57/2005. Kvörtunin lýtur að hliðstæðri hegðan þar sem einum bókstaf sé bætt framan við eldra lénnafn, sem breytir í raun ekki merkingu viðkomandi orðs eða nafns. Að mati GBÁ eigi sömu sjónarmið og röksemdir við og lögð voru til grundvallar við áðurnefndar ákvarðanir samkeppnisráðs og Neytendastofu.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi GBÁ var sent Atla Má Agnarssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. júlí 2011.

Svar Atla Más Agnarssonar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 8. ágúst 2011. Í bréfinu er því alfarið hafnað að Atli Már hafi gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 57/2005. Fyrir það fyrsta sé vakin athygli Neytendastofu á aðildarskortu. Að kvörtuninni standi félagið GBÁ ehf. og Bílasala Bíll.is. Samkvæmt skráningarskírteini bill.is hjá Internet á Íslandi hf. sé Guðlaugur B. Ásgeirsson skráður réttthafi lénsins. Hafi því ekki verið sýnt fram á lögvarða hagsmuni GBÁ hvað varði notkun Atla Más á léninu ibill.is og sé þess því krafist að kvörtuninni verði vísað frá Neytendastofu.

Verði erindinu ekki vísað frá Neytendastofu hafni Atli Már þeim staðhæfingum GBÁ að fyrir hendi sé ruglingshætta vegna notkunar á léninu ibill.is. Atli Már hafi fullan rétt til notkunar lénsins ibill.is og að auðkenna bílasölu sína sem slíka. Enginn hætta sé á því að neytendur villist á bill.is og ibill.is. Bílasölurnar séu til að mynda langt frá hvor annarri sé leitað í stafrófsröð og í símaskrá. Ekkert bendi til þess að neytendur villist á vefsíðum og greinanlegur munur heyrir þegar nöfnin ibill.is og bill.is séu borin fram. Kennimerki (e. logo) ibill.is og bill.is séu gjörólík. Kennimerki Atla Más sé í þremur litum; gráu, hvítu og grænu. Mynd sé af framenda bifreiðar og yfir honum sé „plúsmerki“ í grænum lit, svo komi nafnið á bílasöluinni. Græna merkið á kennimerkinu sé skírskotun í „apple“ umhverfið og þar með verið að tengja saman og leggja



áherslu á internetið og bílasöluna, sem sé internetbílasala sem skýrir meðal annars nafnið [ibill.is](http://ibill.is). Aftur á móti sé kennimerki [bill.is](http://bill.is) einfalt, appelsínugulur bakrunnur og svartir stafir. Eðli málsins samkvæmt séu góðar líkur á að þeir sem starfa við sölu bifreiða, hvort sem um sé að ræða notaðar eða nýjar, styðjist að einhverju leyti við heitin „bíll“, „bifreið“ eða önnur sambærileg heiti yfir vélknúin ökutæki á sama hátt og fasteignasalar nota orðin „hús“ eða „heimili“ eða lögmenn noti orðin „lögfræði“ eða „lögmenn“.

Orðið „bíll“ sé almennt íslenskt orð sem hvorki GBÁ né annar aðili geti eignast einkarétt á að nota. Á Íslandi séu í það minnsta 47 almennar bílasölur, sjö bílaumboð, tvær netbílasölur og fimm innflytjendur bíla, sé tekið mið af vefsíðunni [bilasolur.is](http://bilasolur.is). Þegar betur sé að gáð sjáist að af ofangreindum bílasölum séu átta bílasölur sem nota orðið „bílar“ í firmaheitum sínum, fimmtán nota orðið „sala“ og í þremur tilvikum komi orðið „bíll“ fyrir í firmaheiti.

Allar séu þessar bílasölur með heimasíður og séu heiti margra þeirra lík, án þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þá tilhögun. Til að mynda sé að finna vefsíðurnar [bilalind.is](http://bilalind.is), [bilaland.is](http://bilaland.is), [bilalif.is](http://bilalif.is), [bilakaupa.is](http://bilakaupa.is), [bilariki.is](http://bilariki.is), [bilval.is](http://bilval.is), [bilahollin.is](http://bilahollin.is), [nyjabilahollin.is](http://nyjabilahollin.is), [bilasalinn.is](http://bilasalinn.is), [bilabankinn.is](http://bilabankinn.is), [bilaborg.is](http://bilaborg.is), [bilakaup.com](http://bilakaup.com) auk fleiri vefsíðna þar sem vefslóðirnar séu líkar hvor annarri. Atla Má sé ekki kunnugt um að rekstur þessara bílasala og tilvist vefsíðna tengdum þeim hafi hingað til verið til þess fallnar að brjóta gegn hagsmunum neytenda eða talist til óréttmætra viðskiptahátta í skilningi laga nr. 57/2005. Fráleitt væri að sá sem fyrstur fái skráð nafnið „bíll“ í firmaheiti sínu geti útilokað aðrar bílasölur frá því að nota það nafn í firmaheiti sínu.

Í rökstuðningi er skráning á léninu [ibill.is](http://ibill.is) talin hliðstæð við það að skrá lén í annarri „tölu“, þ.e. eintölu eða fleirtölu eða að skeyta greini við orð. Hafi Neytendastofa og áður samkeppnisráð talið slíkt ólöglegt. Þessum rökstuðningi sé mótmælt. Eru til að mynda dæmi um að fyrirtæki skeyti „i“ fyrir framan heiti sín og heimasíður án þess að það teljist brot gegn neytendum eða lögum settum þeim til verndar, sbr. vefsíðurnar [isiminn.is](http://isiminn.is) og [siminn.is](http://siminn.is) sem bæði selji síma og tengda þjónustu en hafi verið látið óáreitt.

Þá sýni neðangreind dæmi hversu veikur rökstuðningur GBÁ vegna notkunar léninu [ibill.is](http://ibill.is) sé í málinu. GBÁ hafi ekki gert athugasemdir vegna notkunar Tækniþjónustu bifreiða ehf. á léninu [bifreið.is](http://bifreið.is) en sú vefsíða hafi samkvæmt ISNIC verið í notkun allt frá 3. apríl 2001. Samkvæmt íslenskri orðabók merki orðin „bifreið“ og „bíll“ þar sama og hljóti ruglingshættan því að vera veruleg. Einnig sé vefsíðan [billinn.is](http://billinn.is) í notkun en lénið var skráð 7. janúar 2004 og hafi því, að því er virðist, verið í notkun í sjö og hálf ár án þess að kvartandi hafi gert athugasemdir. Tómlæti kvartanda varðandi ofangreindar vefsíður geri það að verkum að staðhæfingar hans um ætlað tjón eigi ekki við rök að styðjast.



Svipaða sögu sé að segja um notkun réttthafa lénsins bilar.is sem hafi verið í notkun frá 22. janúar 1997, samkvæmt upplýsingum frá ISNIC eða meira en ári lengur en GBÁ hefur haldið sinni vefsíðu á veraldarvefnum. Í ljósi þeirra staðreynda geti því ekki komið til greina að banna notkun vefsíðunnar ibilar.is að kröfu kvartanda en slíkt myndi leiða til þess, samkvæmt rökstuðningi GBÁ, að óheimilt væri að nota vefsíðuna bill.is þar sem til sé lén með sama orði en í fleirtölu sem skráð var á undan.

Að því sögðu sé ljóst að áður nefnd ákvæði laga nr. 57/2005 í orðanna hljóðan og efnislega eigi engan veginn við um háttsemi Atla Más og sé því krafist að Neytendastofa hafni málaleitan GBÁ.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. ágúst 2011, var svar GBÁ sent Atla Má til umsagnar. Svar GBÁ barst Neytendastofu með bréfi, dags. 18. ágúst 2011. Í bréfinu kemur fram vegna meints aðildarskorts GBÁ, að fyrirvarsmaður og eigandi GBÁ sé persónulega réttthafi viðkomandi léns. Notkun lénsins til áratuga og framsetning á kvörtuninni sé með fullri vitneskju og samráði við réttthafa lénsins, Guðlaug B. Ásgeirssonar. Aðildarskortur sé því ekki fyrir hendi sbr. til hliðsjónar ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2003.

Hvað varði ruglingshættu milli ibill.is og bill.is þá sé að mati GBÁ klárlega fyrirbyggjandi ruglingshætta milli lénanna. Sérstaklega vísar GBÁ til þess að orðið „ibill“ sé ekki til í íslensku máli. Viðkomandi réttthafi og rekstraraðili viðkomandi bílasölu sé því að tengja nafn rekstrarins og lénið við orðið „bill“. Í því sambandi vísar kvartandi til birtingarmyndar orðsins á viðkomandi heimasíðu þar sem stafurinn „i“ er lítill fyrir framan stórt „B“ í orðinu „iBíll“. Ljóst sé að áherslan á orðinu „Bíll“. Auglýsingar og annað kynningarefni aðilanna sé því keimlíkt. Ætla megi að neytendur rugli saman þessum tveimur aðilum af þessum sökum. Líta verði til þess að auglýsingar og öðru kynningarefni sé ætlað að virka á minni neytenda til langs tíma, ekki aðeins skamms tíma sé t.a.m. auglýsing lesin eða netsíða skoðuð. Kostnaðarsöm markaðssetning og markaðsfesta léns kvartanda sé því ógnað fái lénið ibill.is að standa óáreitt.

Hvað varði fjölda bílasala sem hafi í firmanafni sínu og léni samsett orð þar sem „bill“ kemur fyrir í einhverri beygingarmynd þá undirstriki þessi ábending Atla sjónarmið sem GBÁ byggir kvörtun sína og athugasemdir á. Í öllum þeim tilfellum sem nefnd hafi verið séu rekstraraðilar að leita sér að ákveðinni sérstöðu í nafnavali og með því verið frábrugðnir öðrum aðilum er starfa á sama markaði, sbr. bílasalinn.is, bílalind.is, bílahollin.is, o.s.frv. Ekki sé að finna bílasölur með t.a.m. lénum eins og íbílalind.is eða íbílalind.is eða markaðssetningu undir nafninu íBílahöllin o.s.frv.

Staðhæfingar um að önnur hliðstæð lén, t.d. isiminn.is hafi verið látin óáreitt og að það einhverja þýðingu í máli sé mótmælt. Ekkert liggi fyrir um hvort önnur slík lén verði áfram látin óáreitt,



ekkert liggi fyrir um hvort starfsemi viðkomandi aðila sé á sama sviði og að lokum breyti það engu um rétt GBÁ hvort alls óskyldur aðili sæki rétt sinn eður ei.

Hvað varði vísun til þess að GBÁ hafi ekki amast við léninu bifreid.is sem hafi verið í notkun frá árinu 2001 þá liggi í fyrsta lagi fyrir að bíll og bifreið er sitt hvort orðið þó svo merking þeirra sé sú sama. Það sé grundvallaratriði að lénið ibill.is sé aðeins lítilsháttar afbökun á léni GBÁ. Sömu sjónarmið eigi ekki við þegar um sitt hvort orðið sé að ræða. Í öðru lagi þá lýtur vefurinn bifreid.is að varahlutum fyrir bifreiðar og viðgerðum á bifreiðum. Ekki sé því fyrir hendi ruglingshætta á viðkomandi léni við lén GBÁ í skilningi laga nr. 57/2005.

Þá vísi Atli til þess að GBÁ hafi ekki gert athugasemdir við lénið billinn.is sem hafi verið í notkun í sjö og hálf ár. Fyrst sé til þess að taka að með ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 25/2003 var Bílasölu Íslands ehf. bannað að nota lénnafnið billinn.is og nafnið billinn.is, sbr. það sem fram kemur í kvörtun GBÁ. Nokkru eftir ákvörðun Samkeppnisráðs hafi verið leitað eftir afstöðu fyrirsvarsmanns bill.is til þess hvort lénið billinn.is yrði notað fyrir almenna umfjöllun um bifreiðar. Af hálfu fyrirsvarsmanns bill.is, og rétthafa viðkomandi léns, hafi verið fallist á slíka notkun lénsins enda ekki um bílasölu að ræða. Í þessu sambandi sé bent á að það sé grundvallaratriði að sá rekstraraðili sem standi á bak við lénið ibill.is sé á sama markaði og GBÁ, þ.e. milligönguaðili við sölu notaðra bíla. Á léninu billinn.is sé haldið úti almennri umfjöllun um bifreiðar með greinarskrifum og umfjöllunum. Ruglingshætta í markaðslegu tilliti sé því ekki til staðar. Hið sama eigi við um lénið bilar.is. Þar sé ekki um að ræða bílasölu með notaðar bifreiðar heldur vefur sem birti smáauglýsingar fyrir bifreiðar til sölu eins og fram kemur á viðkomandi heimasíðu. Engin sala fari fram í gegnum rekstraraðila/rétthafa lénsins. Ruglingshætta milli bill.is og bilar.is sé því ekki til staðar.

### 3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 25. ágúst 2011, var svar Atla Más sent GBÁ til umsagnar. Svar Atla barst Neytendastofu með bréfi, dags. 15. september 2011. Í bréfinu kemur fram að fyrri málsástæður og rök varðandi ætlaða ruglingshættu séu ítrekaðar. Þá sé því með öllu hafnað að það geti haft einhverja þýðingu varðandi úrlausn Neytendastofu í málinu að orðið „ibill“ sé ekki til í íslensku máli. Ótal verslanir, vefsíður, vörumerki o.fl. innihaldi orð sem ekki séu til í íslensku máli. Geti því ekki verið um sérstaka ruglingshættu af þeirri ástæðu.

Á vefsíðunni ibill.is séu auglýstar bifreiðar til sölu og sé því orðið bíll notað í nafninu. Sé eðli málsins samkvæmt rökrétt að nafn rekstursins tengist þeirri vöru sem auglýst sé til sölu. Eiga þessi sjónarmið jafnt við þegar um sölu bifreiða sé að ræða og annan söluvarning og sé það vel þekkt.



Þá hafi GBÁ ekki með nokkrum hætti rökstutt þær fullyrðingar að auglýsingar og annað kynningarefni aðila sé keimlíkt. Hafa verði í huga að fjölmargar bílasölur séu starfandi á Íslandi og sé starfsemi þeirra og markaðssetning á margan hátt einsleit. Með hliðsjón af aðstæðum þyrfti GBÁ að sýna fram á með hvaða hætti auglýsingar og kynningarefni Atla séu keimlíkar auglýsingum GBÁ en að sama skapi ólíkar auglýsingum annarra bílasala. Það hafi kvartandi ekki gert með erindum sínum til Neytendastofu. Hafi GBÁ því ekki með nokkru móti sýnt fram á að neytendur rugli saman GBÁ og Atla fremur en GBÁ og öðrum bílasölum. Takist það ekki sé Neytendastofu gert ómögulegt að úrskurða á þá leið að fyrirvarsmenn [ibill.is](http://ibill.is) hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Í málinu liggja ekkert fyrir um að GBÁ hafi lagt í kostnaðarsama markaðssetningu hvað varði lénið [bill.is](http://bill.is). Þá sé með öllu órökstutt að markaðsfestu lénsins sé ógnað fái [ibill.is](http://ibill.is) að standa óáreitt. Sé því slíkum staðhæfingum hafnað sem röngum og ósönnuðum.

Ásæða sé til að ítreka það sem fram hafi komið í fyrra bréfi varðandi önnur heiti bílasala. Í athugasemdum GBÁ sé öllu snúið á hvolf varðandi meinta ruglingshættu og sé málstaður GBÁ að engu hafandi. Þá sé því sérstaklega mótmælt að notkun Atla á léni sínu feli í sér afbökun á öðru léni.

Þá sé til að mynda í engu útskýrt hvers vegna ruglingshættan sé meiri á [ibill.is](http://ibill.is) og [bill.is](http://bill.is) annars vegar en á [bill.is](http://bill.is) og [billinn.is](http://billinn.is) hins vegar. Þá séu engin fyrirbyggjandi gögn sem sanni þær staðhæfingar GBÁ að einhverskonar samningur hafi komist á milli fyrirvarsmanns [bill.is](http://bill.is) og þess eða þeirra sem standa að [billinn.is](http://billinn.is). Hefði GBÁ verið í lófa lagið að leggja fram þau gögn fyrst byggt sé á þeim. Sé þeim staðhæfingum því mótmælt sem röngum og ósönnuðum að vefsíðan [billinn.is](http://billinn.is) sé rekinn með samþykki fyrirvarsmanns [bill.is](http://bill.is).

Í bréfi GBÁ sé vikið að því að [billinn.is](http://billinn.is) og [bill.is](http://bill.is) séu ekki á sama markaði og því sé engin ruglingshætta og virðist einnig byggt á því að [bilar.is](http://bilar.is) og [bill.is](http://bill.is) séu ekki heldur á sama markaði. Nauðsynlegt sé að taka sérstaklega fram að markaður með viðskipti með bifreiðar og hluta úr bifreiðum hafi ekki verið skilgreindur sérstaklega. Er t.a.m. afar óvarlegt að staðhæfa að þær vefsíður og þær vörur og eftir atvikum þjónusta sem sé boðin sé ekki öll á sama markaði, sbr. t.d. orðskýringu í samkeppnislögum og túlkun þeirra.

#### 4.

Með bréfum Neytendastofu til aðila málsins, dags. 7. október 2011, var aðilunum tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.



### III.

#### Niðurstaða

##### 1.

Mál þetta varðar skráningu og notkun lénanna ibill.is og ibíll.is. Telur GBÁ ehf. að notkun Atla Más Agnarssonar á lénunum brjóta gegn ákvæði 13. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Neytendastofa taldi að 5. og 14. gr. sömu laga gætu einnig komið til álita í málinu.

Fyrst verður vikið að kröfu Atla Más um að kvörtun verði vísað frá þar sem GBÁ geti ekki átt aðild að málinu enda fyrirtækið ekki skráður réttthafi lénsins. Neytendastofa getur ekki fallist á að GBÁ geti ekki átt aðild að málinu eins og máli þessu er háttað. Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að skráður réttthafi lénsins bill.is Guðlaugur B. Ásgeirsson er jafnframt skráður ábyrgðarmaður bílasölunnar Bíll.is og sem slíkur virðist heimila GBÁ notkun lénsins samkvæmt því sem fram hefur komið í málinu. Þá er GBÁ sagt vera rekstraraðili bill.is á vefsíðunni bill.is. Kvörtun GBÁ er því samkvæmt gögnum málsins gerð í samráði við skráðan réttthafa lénsins Guðlaug B. Ásgeirsson.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Í 2. mgr. 13. gr. segir að ákvæði 1. mgr. gildi um aðra viðskiptahætti en þá sem III kafla laganna taki til. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008 segir um greinina að orðalag hennar sé almenns eðlis og tilgangur hennar því sá að um þessa hagsmuni gildi áfram þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við túlkun á 5. gr. gildandi laga. Samkvæmt gildissviði ákvæðisins tekur það eingöngu til verndunar hagsmuna neytenda, annarra en fjárhagslegra. Sem dæmi um atriði sem fallið geta undir ákvæðið eru í greinargerð nefnd smekkur og velsæmi.

Í 14. gr. laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*





Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarkerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málsl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslíð. Þessi málslíður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Báðir aðilar hafa skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti hjá ISNIC. Guðlaugur B. Ásgeirsson á skráð lénið bill.is og Atli Már Agnarsson lénin ibill.is og ibíll.is. Neytendastofa telur báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna. Samkvæmt því kemur 2. málsl. 15. gr. a. til álita í málinu.

## 2.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans



eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Neytendastofa fellst ekki á að lénið bill.is uppfylli framangreind skilyrði þess að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005 enda er heitið almennt og lýsandi. Við mat á því hvort skráning eða notkun brjóti gegn ákvæðinu hefur það grundvallarþýðingu hvort lénið hafi sérkenni sem greini það frá öðrum. Sé lénið einungis lýsandi fyrir vörur eða þjónustu viðkomandi, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekkt lén til kynningar á starfsemi sinni.

Í málinu vísar GBÁ til ákvörðunar Samkeppnisráðs í máli nr. 25/2003 og þeirra sjónarmiða sem Samkeppnisráð lagði til grundvallar niðurstöðu sinni vegna kvörtunar réttshafa lénsins bill.is á skráningu og notkun lénsins bilinn.is. Neytendastofa telur að vægi þeirra sjónarmiða sem lágu til grundvallar niðurstöðu Samkeppnisráðs í tilvitnuðu máli hafi í kjölfar nýrrar framkvæmdar úrskurðarnefndar neytendamála tekið breytingum. Þess ber að geta þess að leyst var úr ágreiningi málsins á grundvelli ákvæða samkeppnislaga nr. 8/1993 sem nú hafa verið felld úr gildi. Um þessa breytingu vitna ýmsir nýrri úrskurðir áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 28. febrúar 2006 (1/2005) lénið *hardvidur.is*, úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 12. október 2006 (3/2006) lénið *fartolva*, úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 7. mars 2007 (6/2006) lénið *blog.is*, úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (12/2009) lénin *grænatunnan.is* og *grænatunnan.is*, úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (13/2009) lénið *gamur.is* og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 28. október 2010 (9/2010) lénið *point.is*.

Vísun GBÁ til ákvörðunar Neytendastofu nr. 6/2010 varðandi lénið *fartolva.is* sem stofnunin bannaði notkun á hefur heldur í ekki þýðingu í málinu sem slík enda felldi áfrýjunarnefnd neytendamála þá ákvörðun úr gildi með úrskurði sínum 12. október 2006 (3/2006) á grundvelli þess að heitið væri ekki nægilega sérkennandi til að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að orðið bíll sé almennt, lýsandi og skorti nauðsynleg sérkenni til þess að það teljist njóta verndar ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Með vísan til þess koma deilur um ruglingshættu ekki til frekari skoðunar Neytendastofu enda er framangreind krafa ákvæðisins um sérkenni forsenda þess að vernd ákvæðisins eigi við. Að mati Neytendastofu hefur í málinu ekki verið leitt í ljós að um geti verið að ræða brot á ákvæði 13. gr. eða 14. gr. laganna. Þá kemur 5. gr. ekki til álita ein og sér með vísan til framangreinds.

Með vísan til alls ofangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.



**IV.**

**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 22. júní 2012

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir